

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 4. apríl 2016 kl. 15:30, var haldinn 139. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Hildur Arna Gunnarsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðst. Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á ÞLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bréf dags. 21. mars s.l. frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um skipan starfshóps um framtíð Laugardalsvallar. Samþykkt að tilnefna formann hverfisráðsins Heiðar Inga Svansson í stýrihópinn.
 2. Steinahlíð. Lagt fram erindi dags. 29. mars frá foreldraráði leikskólans Steinahlíðar þar sem lýst er áhyggjum af umferðaröryggi á leikskólalóðinni og beiðni um aðstoð hverfisráðsins við að koma í framkvæmd endurbótum á bílastæðum við leikskólann. Í janúar 2015 var nýtt hús tekið í notkun og börnum og starfsfólki fjölgað. Foreldraráð telur að í upphafi og lok dags myndist öngþveiti á bílastæðinu og óásætlanlegt hættuástand. Frestað til næsta fundar. Kynnt fyrir USK og óskað eftir fulltrúa frá þeim á næsta fund ráðsins.
 3. Skemmtilegri torg í lifandi borg. Lögð fram fréttatilkynning frá Jóni Halldóri Jónassyni upplýsingafulltrúa dagsett 18. mars þar sem óskað er eftir hugmyndaríkum og áhugsömum einstaklingum eða hópum til að taka almenningssvæði í borginni í fóstur og gæða þau meira lífi. Lagt fram til kynningar.
 4. Secret Solstice. Tónleikarnir eru nú auglýstir í fjölmiðlum sem 4ra sólarhringa skemmtun. Ákveðið að senda formlega fyrirspurn og fá svar við því hvort sótt hafi verið sérstaklega um leyfi fyrir fjórða sólarhringnum og jafnframt að óska eftir fulltrúa USK á næsta fund til þess að ræða framkvæmd tónleikanna.
- Kl. 16.10 Hildur Arna vísar af fundi
5. Forvarnarsjóður. 6 umsóknir liggja fyrir. Eftirfarandi samþykkt.
Fúll á móti sf. / Starfræn Húðflúr hverfa aldrei kr. 250.000
Hópeflisfélagið/Laugardalur 2030 kr. 260.000
Bindindissamtökin IOGT / Umhverfið okkar kr. 65.000
Foreldrafélag Langholtsskóla / Fræðslufyrirlestrar kr. 150.000
Með oddi og egg ehf. / Fjölbreytni og fjölmennung kr. 100.000
Samþykkt að ræða við Með oddi og egg ehf. um breytta útfærslu á umsókninni.

Fundi slitið kl. 16:30

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)